



Helga Stefánsdóttir

Aðstoðarsviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar

helgas@hafnarfjordur.is

Bláfjallavegur frá Krísvíkurvegi að Bláfjöllum.

Vegna erindis frá Hafnarfjarðarbæ vegna Bláfjallavegar frá Krísvíkurvegi að Bláfjöllum.

Síða 1/2

Vísað er til tölvupósts dags. 28. 10. 2020 og tilheyrandi viðhengja. Þar segir m.a.:

„Fyrir liggur að ef opna á veginn á ný þarf að hanna og gera mat á efnispörf og öðrum kostnaði. Að hluta má ætla að um nýjan veg yrði að ræða ef uppfylla á kröfur Veghönnunarreglna og frágangs innan vatnsverndarsvæða. Ekki eru áform uppi hjá Vegagerðinni um að vegurinn verði heilsársvegur til gegnumaksturs og því telur Vegagerðin ekki ástæðu til að leggja í frekar vinnu að svo stöddu. Sé það vilji sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að leggja heilsársveg um vatnsverndarsvæði á þessum stað óskar Vegagerðin eftir viðræðum við SSH þar að lútandi.“

Vegagerðin ítrekar ofangreint.

Ljóst er af öryggisúttekt að endurhanna þarf veginn áður en mögulegt er að gera kostnaðar og umhverfis- og áhættumat fyrir hann. Taka þarf afstöðu til hvort að hönnun eigi þá að miða við að vegurinn geti verið opinn allt árið eða hvort um sumarveg verði að ræða. Með öruggeri vegi má búast við aukinni umferð og gera þyrfti umferðarspá þar að lútandi. Ekki liggur fyrir hvort það sé sameiginlegur vilji sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að vegurinn verði opnaður á ný eða í hvaða mynd. Samkvæmt vefsíðu SSH liggur umrædd leið í Hafnarfirði og í Kópavogi.

Mótvægisáðgerðir sem unnar voru á Bláfjallavegi, milli Bláfjalla og Suðurlandsvegar, voru unnar að ósk SSH og komu til vegna mats á umhverfisáhrifum vegna skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Framkvæmdakostnaður Vegagerðarinnar vegna mótvægisáðgerðanna nam um 70 m. kr. (árin 2019-2021).

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegagerðin er tilbúin til viðræðna um næstu skref varðandi framtíð Bláfjallavegar á milli Krísvíkurveg og Bláfjalla og óskar eftir fundi með Hafnarfjarðarbæ varðandi samráð, skipulag og útfærslu vegarins.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar

Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar